

# Hæfniramma um íslenska menntun

Icelandic Qualification Framework (ISQF)	Lýsing á hæfniviðmiðum	European Qualification Framework (EQF)
7	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur yfirgripsmikla yfirsýn yfir kenningar, rannsóknir og nýjustu þekkingu innan síns sviðs.</li> <li>Getur framkvæmt og leitt rannsóknir af öryggi með þróun nýrrar þekkingar að leiðarljósi.</li> <li>Getur sýnt sjálfstæði og frumkvæði og borið ábyrgð á flókinni fræðilegri vinnu og miðlað henni til annarra.</li> </ul>	8
6.2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur aflað sér þekkingar með rannsóknum og skilur fræðileg viðfangsefni og álitamál og getur sett nýjustu þekkingu í samhengi.</li> <li>Getur skilið flókin viðfangsefni og beitt viðeigandi aðferðum við framkvæmd smærri rannsóknaverkefna.</li> <li>Getur átt frumkvæði að nýjum verkefnum, metið þá aðferðafræði sem við á, stýrt þeim og borið ábyrgð á sinni vinnu og samstarfsmanna.</li> </ul>	7
6.1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þekkir og skilur fræðileg viðfangsefni og álitamál og getur sett nýjustu þekkingu í samhengi.</li> <li>Getur beitt aðferðum fræði-/starfsgreinar til að setja fram, þróa og leysa verkefni.</li> <li>Getur átt frumkvæði að nýjum verkefnum, stýrt þeim og borið ábyrgð á sinni vinnu og samstarfsmanna.</li> </ul>	
5.2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur skilning og innsæi á helstu fræðilegum hugtökum og kenningum og hefur vitneskju um nýjustu þekkingu á völdu sviði.</li> <li>Getur beitt gagnrýnum aðferðum fræði-/starfsgreinar við úrlausn verkefna og lagt á þær sjálfstætt mat.</li> <li>Getur unnið sjálfstætt og skipulega, gert og fylgt áætlunum og leitt verkþópa.</li> </ul>	6
5.1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur þekkingu á völdum kenningum og fræðilegum hugtökum og þekkir stöðu viðkomandi sviðs í víðara samhengi.</li> <li>Getur undirbúið og framkvæmt verkefni og nýtt þá tækni sem notuð er í viðkomandi fræði-/starfsgrein.</li> <li>Getur sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og unnið með öðrum að úrlausn verkefna.</li> </ul>	
4	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist við leiðsögn og stjórnun í starfi og/eða til undirbúnings náms.</li> <li>Getur skipulagt vinnuferli, beitt viðeigandi tækni og þróað starfsaðferðir á ábyrgan hátt.</li> <li>Getur leiðbeint og veitt faglega þjálfun, metið eigið vinnuframlag og annarra og borið ábyrgð á hagnýtingu starfsgreinar í þverfaglegu samstarfi.</li> </ul>	5
3	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings frekara náms.</li> <li>Getur skipulagt og metið eigin störf, sýnt fagmennsku og frumkvæði.</li> <li>Getur nýtt sérhæfða þekkingu til umbóta, veitt fagleg ráð og tekið þátt í þverfaglegu samstarfi.</li> </ul>	4
2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur þekkingu á verkferlum og hugtökum sem nýtast í námi og/eða starfi.</li> <li>Getur beitt viðeigandi faglegum aðferðum, verkfærum og upplýsingum við lausn viðfangsefna.</li> <li>Getur starfað með öðrum, tekið frumkvæði í samskiptum og borið ábyrgð á skilgreindum verkþáttum.</li> </ul>	3
1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur grunnþekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings frekara náms.</li> <li>Getur leyst viðfangsefni með því að vinna úr einföldum upplýsingum í námi og/eða starfi.</li> <li>Getur unnið undir leiðsögn annarra en með nokkru sjálfstæði í afmörkuðum verkefnum.</li> </ul>	1-2